

Miðvikudaginn 16. desember 1964.

Nr. 39/1964. **Landhelgisgæzla Íslands f. h. eiganda og áhafnar varðskipsins Ægis**

(Ingólfur Jónsson hrl.)

og

Ólafur Jónsson f. h. eiganda og áhafnar v/b Jóns Gunnlaugs, GK 444

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Trolle & Rothe h/f f. h. eigenda m/s Talis frá Frederikstad, Noregi, Krossanesverk-smiðjunni og Kveldúlfi h/f og gagnsakir

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessorarnirnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Lindal.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi Landhelgisgæzla Íslands f. h. eiganda og áhafnar varðskipsins Ægis hefur áfrýjað málinu með stefnu 10. marz 1964 og gert þær dómkröfur, að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt bjarglaun, kr. 1.750.-000.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 15. ágúst 1961 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi. Þá krefst aðaláfrýjandi og sjóveðréttar í m/s Talis frá Frederikstad, Noregi, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Aðaláfrýjandi Ólafur Jónsson f. h. eiganda og áhafnar v/b Jóns Gunnlaugs, GK 444, hefur áfrýjað málinu með stefnu 18. marz 1964 og krafizt þess, að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt bjarglaun, kr. 875.-000.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 15. ágúst 1961 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi. Þá er og krafizt sjóveðréttar í m/s Talis til tryggingar þessum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi Trolle & Rothe h/f f. h. eigenda m/s Talis hefur áfrýjað málinu með stefnu 18. marz 1964 og krafizt lækkunar fjárhæða, sem dæmdar voru í héraði, og málskostnaðar óskipt af aðaláfrýjendum í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjendur Krossanesverksmiðjan og Kveldúlfur h/f hafa áfrýjað málinu með stefnu 6. apríl 1964. Þeir krefjast lækkunar fjárhæða, sem dæmdar voru í héraði, og málskostnaðar af aðaláfrýjendum í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hendi gagnáfrýjenda Krossanesverksmiðjunnar og Kveldúlfs h/f, eigenda farms þess, er var í m/s Talis, þegar því var veitt hjálp sú, sem mál þetta er af risið, hefur fyrir Hæstarétt verið lagt bréf Samvinnutrygginga, dags. 10. desember 1964, svohljóðandi:

„Í umboði Krossanesverksmiðjunnar og Kveldúlfs h/f lýsum vér því hér með yfir, að nefndir aðilar eru samþykkir því, að í hæstaréttarmálinu nr. 39/1964 verði greiðsluskylda á hendur þeim, ef til kemur, dæmd án takmörkunar við tiltekið aðfararandlag eða ákveðna fjárhæð og in solidum með eiganda m/s Talis.“

Atvikum máls þessa er rækilega lýst í héraðsdómi.

Þá er varðskipið Ægir kom á vettvang, hafði öll skipshöfn m/s Talis yfirgefið skipið að boði skipstjóra, sem taldi skipið svo hætt komið, að hann vildi „ekki bera ábyrgð á því, að menn væru lengur um borð“. Var m/s Talis því mannlaut og stjórnlaust rekald, er varðskipið hóf aðgerðir sínar. Samkvæmt þessu og öðru því, sem í héraðsdómi er rakið, var m/s Talis í hættu statt og hjálp sú, sem veitt var, ótvíræð björgun í merkingu 1. mgr. 229. gr. siglingalaga nr. 56/1914, er þá voru í gildi.

Við ákvörðun björgunarlauna ber sérstaklega að líta til þessa:

1. Björgunin var fullkomin og tókst vel í alla staði.
2. Björgunarmenn þeir, sem réðust til uppgöngu og um borð í hið yfirgefna og mannlaut skip, lögðu sig í lífs-hættu og sýndu mikla hugprýði, eins og á stóð, verklagni og atorku.

3. Varðskipið var sérstaklega til björgunar búíð og áhöfn þess von björgunarstörfum og æfð til þeirra.

4. Verðmæti hinna björguðu fjármuna nam samkvæmt matsgerð dómkvaddra manna samtals kr. 3.480.500.00.

Þegar virt eru þessi og önnur atriði, er hafa ber hliðsjón af, þykja björgunarlaun hæfilega ákveðin alls kr. 520.000.00, og hljóti eigandi og áhöfn v/s Ægis þar af kr. 450.000.00 og eigandi og áhöfn v/b Jóns Gunnlaugs, GK 444, með skirskotun til raka héraðsdóms, kr. 70.000.00. Ber gagnáfrýjendum að greiða óskipt greindar fjárhæðir ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, eiganda og áhöfn v/s Ægis kr. 110.000.00 og eiganda og áhöfn v/b Jóns Gunnlaugs kr. 25.000.00.

Samkvæmt 1. tölulið 236. gr. siglingalaga nr. 56/1914 er sjóveðréttur í m/s Talis til tryggingar greindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Trolle & Rothe h/f f. h. eigenda m/s Talis frá Frederikstad, Noregi, Krossanesverk-smiðjan og Kveldúlfur h/f, greiði óskipt aðaláfrýjendum, Landhelgisgæzlu Íslands f. h. eiganda og áhafnar varðskipsins Ægis og Ólafi Jónssyni f. h. eiganda og áhafnar v/b Jóns Gunnlaugs, GK 444, kr. 520.000.00, og hljóti eigandi og áhöfn v/s Ægis þar af kr. 450.000.00 og eigandi og áhöfn v/b Jóns Gunnlaugs kr. 70.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 15. ágúst 1961 til greiðsludags.

Gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjendum óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eiganda og áhöfn v/s Ægis kr. 110.000.00 og eiganda og áhöfn v/b Jóns Gunnlaugs kr. 25.000.00.

Aðaláfrýjendur eiga sjóveðrétt í m/s Talis til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 2. marz 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. f. m., hefur Landhelgisgæzla Íslands f. h. eigenda og áhafnar v/s Ægis höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 22. febrúar 1962, gegn Trolle & Rothe h/f f. h. eigenda og váttryggjenda m/s Talis, Frederikstad í Noregi, Kveldúlfi h/f, Hjalteyri, og Krossanesverksmiðjunni, Akureyri, sem eiganda farmsins í m/s Talis og farmflytjanda sama farms til greiðslu in solidum á björgunarlaunum, kr. 1.750.000.00, ásamt 8% ársvöxtum frá 15. ágúst 1961 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómsins svo og að sjóveðréttur verði dæmdur stefnendum til tryggingar tildæmdum kröfum.

Með stefnu, dagsettri 13. apríl 1962, hefur Ólafur Jónsson f. h. eigenda og áhafnar m/b Jóns Gunnlaugs höfðað meðalgöngusök í málinu og krafizt þess, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða eigendum og áhöfn m/b Jóns Gunnlaugs björgunarlaun, kr. 875.000.00, með 8% ársvöxtum frá 15. ágúst 1961 til greiðsludags auk málskostnaðar svo og viðurkenningar sjóveðréttar í m/s Talis fyrir tildæmdum upphæðum.

Undir rekstri málsins hafa aðalstefnendur og meðalgöngustefnendur fallið frá kröfum á hendur váttryggjendum m/s Talis í máli þessu, en beina nú málinu gegn váttryggjendum m/s Talis sem réttargæzlustefndum.

Aðalstefnendur kröfðust þess í upphafi, að meðalgöngusök yrði vísað frá dómi. Undir rekstri málsins hafa þeir fallið frá frávísunarkröfu sinni, en gert þær kröfur gagnvart meðalgöngustefnendum, aðallega að þeim verði ekki tildæmd björgunarlaun, en til vara að þeim verði aðeins tildæmd 10% af björgunarlaununum.

Stefndu hafa krafizt þess, að kröfur aðalstefnenda og meðalgöngustefnenda verði stórlega lækkaðar og þeim dæmt að greiða stefndu málskostnað að mati dómsins.

Samvinnutryggingum hefur verið stefnt til að gæta réttar síns í málinu, en engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda. Réttargæzlustefndi hefur látið sækja dómþing í málinu, en engar kröfur gert.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 7 síðdegis þann 26. júlí 1961 hélt norskt skip, m/s Talis, af stað frá Seyðisfirði, og var ferðinni heitið norður um Langanes til Hjalteyrar við Eyjafjörð. Var skipið hlaðið 4090

málum af bræðslusild. Um kl. 0145 um nóttina þann 27. júlí var skipið stutt út af Vopnafirði. Virðist vindur þá hafa verið NNV, 5—6 vindstig, sjólag ca. 4. Varð 2. stýrimaður þá var við, að farið var að hallast á stjórnborða. Kl. 0200 kom 1. stýrimaður á vakt, og hallaðist skipið þá mikið á stjórnborða. Var skipstjórinn þegar kvaddur á stjórnþall. Hallaðist skipið þá ca. 10—15 gráður. Kl. 0212 gaf skipstjóri skipun um að dæla olíu (ca. 8500 l) úr stjórnborðstanka yfir í bakborðstanka. Var jafnframt slegið á hæga ferð og skipinu beint móti sjó og vindi. Dró það nokkuð úr veltu skipsins, en ekki mikið, því að sjór var óregluglegur. Skipið hélt áfram að hallast og síga niður að framan. Þegar búið var að dæla olíunni yfir í bakborðstankann, var einnig dælt í hann frá þilfari. Annað kveðst skipstjóri ekki hafa séð, sem hægt væri að gera til að rétta skipið. Þegar skipið hélt áfram að hallast og síga fram, var lestarlúga nr. I opnuð, og sá stýrimaður, að síld rann úr miðhólfi lestarinnar fram yfir þverskilrúm og yfir í fremsta hólfi lestarinnar, sem fyrir var aðeins hálf af sild. Virtist stýrimanni síldin renna meira yfir í stjórnborðshólf I. lestar. Síldin var „mjög runnin“ og þess vegna á meiri hreyfingu. Skipið hélt áfram að hallast. Gaf skipstjóri þá skipun um að slá út björgunarbáti stjórnborðsmegin. Einnig var reynt að losa björgunarbátinn bakborðsmegin, en það heppnaðist ekki vegna halla skipsins og veltingsins. Kl. 0335 var skipið farið að hallast svo mikið, að skipstjóri lét senda út neyðarskeyti um talstöðina, og komið var á sambandi við Seyðisfjarðarloftskeytastöðina. Kl. 0400 athugaði fyrsti stýrimaður aftur lúgu nr. I, og kom í ljós, að síldin hélt áfram að renna yfir þverskilrúmið, og lýsi og blóðvatn var komið fram í stafnrúm, sem áður var tóm. Kl. 0530 fór skipið að rugga ákaflega og hallaðist stöðugt meira. Þilfarið lá þá undir sjó stjórnborðsmegin. Kl. 0553 var vélin stöðvuð, og samkvæmt skipun skipstjórans fór öll skipshöfnin í björgunarbátinn kl. 0555.

M/b Jón Gunnlaugs, GK 444, sem um kl. 0400 hafði heyrt v/s Ægi kalla, að m/s Talis væri í nauðum statt, lagði þá þegar af stað að hinu nauðstadda skipi og var kominn að því um kl. 0440. Nokkru síðar kom annar mótorbátur, Víðir II, á vettvang. M/b Jón Gunnlaugs fylgdist síðan með m/s Talis. Er skipshöfn m/s Talis fór í björgunarbátinn, sigldi m/b Jón Gunnlaugs rétt að skipinu, og var kastlínu kastað til björgunarbátsins. Var björgunarbáturinn því næst dreginn að og öll skipshöfnin, 11 manns, tekin um borð í m/b Jón Gunnlaugs. Var björgunarbát-

urinn því næst tekinn í drátt. M/b Jón Gunnlaugs hélt því næst kyrru fyrir og beið átekta. Björgunarbatúr þessi slitnaði síðar aftan úr.

Þegar m/s Talis sendi út neyðarskeyti sitt kl. 0335, var varðskipið Ægir við síldarleit rv. 048° fjarlægð 15.0 sm frá Glettlinganesvita. Var vindur þá samkvæmt skýrslum varðskipsmanna N-5, talsverður sjór og súld. Sigldi varðskipið þegar á fyllstu ferð í áttina til m/s Talis. Á leiðinni hafði varðskipið loftskeytasamband við m/b Víði II og m/b Jón Gunnlaugs. Kl. 0650 var v/s Ægir kominn að m/s Talis, sem var þá rv. 066° fjarlægð 16.00 sm frá Viðvíkurhnúk. Samkvæmt skýrslu skipherrans á v/s Ægi var vindur þá NNV-6, talsverður sjór og súld. Er v/s Ægir kom á vettvang, hafði skipherrann á varðskipinu loftskeytasamband við skipstjórann á m/s Talis og spurðist fyrir um það, hvort hann ætti að setja dráttartaug í m/s Talis, og samþykkti skipstjórinn það. Var þá mannaður róðrarbátur, og réðust 2. og 3. stýrimaður af v/s Ægi ásamt 3 hásetum til uppöngu á m/s Talis. Kl. 0705 hafði dráttartaug verið fest í m/s Talis, og var skipinu snúið til Vopnafjarðar.

Í skýrslu skipherrans á m/s Ægi, sem hann og 2. og 3. stýrimaður varðskipisins hafa fyrir dómi viðurkennt rétta, segir m. a.: „„TALIS“ sneri stefninu til A, og þar eð stb. halli var á skipinu, valt skipið mjög þungt, og var stb. skammdekk og lunning oftast undir sjó, þannig að stb.-megin var dekk oftast fullt af sjó inn að miðju og upp á stb. lúgukant. Skipið lá enn fremur mikið fram, þannig að sjór gekk sérlega mikið inn á dekk rétt aftan við bakborðshornið. Við nánari athugun á TALIS kom í ljós, að á afturkanti bakka var opin hurð. Í bakkagólfi var opin lúga niður í stórt stafnrúm. Við aukin áföll hefði þetta stafnrúm fljótlega fyllzt, þar eð skipið lá mikið fram, og sjór hefði átt greiðan gang niður í stafnrúmið, sem hefði rúmað tugi tonna af sjó Í stafnrúminu var töluvert magn af blóðvatni og grút, og virtist því sem framþil lestarinnar hefði sprungið að neðanverðu, en ekki sást skaði á þeim hluta lestarþilsins, sem upp úr stóð „TALIS“ lét mjög illa að stýri á leiðinni til lands. Þurftu tveir menn að vera við stýrið megnið af leiðinni, þó rásaði skipið mjög mikið og lét illa að stjórn, enda gekk sjór stöðugt yfir stb.-lunningu, sem nú sneri að sjó og vindi, og var stb. dekkgangur oftast fullur af sjó. Skipið tók langar og þungar veltur og gaf lítið eftir í sjó.“ Um kl. 0815 slitnaði létt-

bátur v/s Ægis aftan úr „TALIS“. M/b Jón Gunnlaugs tók bátinn í slef og fylgdist með „TALIS“ til Vopnafjarðar.

M/b Jón Gunnlaugs fylgdi m/s Ægi eftir til lands, og var öll skipshöfn m/s Talis um borð í mótorbátnum, enda kom engin ósk um það frá v/s Ægi, að skipsmenn m/s Talis færu um borð, og skipstjórinn á m/s Talis kveðst heldur ekki hafa boðið fram aðstoð sína eða sinna manna.

Um kl. 0815 slitnaði léttbátur v/s Ægis aftan úr Talis. Er óumdeilt í málinu, að rétt á eftir hafi komið fram ósk um það frá v/s Ægi, að m/b Jón Gunnlaugs héldi sig nærri m/s Talis, ef eitthvað bæri út af.

Um kl. 1300 komu skipin inn á leguna á Vopnafirði. Lagðist v/s Ægir þar við legufæri með m/s Talis aftan í. Voru tveir vélstjórar af v/s Ægi (3. og 4. vélstj.) sendir um borð í m/s Talis, og reyndu þeir að setja aðalvél bátsins í gang. Heppnaðist það ekki. Fyrsti vélstjóri af v/s Ægi, sem einnig fór um borð í m/s Talis, telur, að vélin hafi ekki farið í gang, vegna þess að hún hafi verið köld. Vélstjórararnir hafi verið búnir að gera eina tilraun til að setja vélina í gang, en síðan hafi tekið langan tíma að hlaða upp „start“-lofti aftur, en á meðan á því stóð, hafi 1. vélstjórinn á Talis komið, og hafi hann sett vélina í gang með „cigaretum“, sem séu sérstakar kveikjur. Var kl. þá um 1500. Var vélin síðan keyrð í 10 mínútur á hægri ferð, og sigldu björgunarmenn skipinu síðan að bryggju. Skipstjórinn á m/s Talis varð samferða 1. vélstjóra um borð í Talis. Skipsmenn v/s Ægis kváðust ekki afhenda honum skipið, að svo stöddu, og sigldu þeir Talis því sjálfir að bryggjunni, þar sem það var bundið, og var því lokið um kl. 1525.

Kröfur sínar í aðalsök styðja aðalstefnendur, Landhelgisgæzla Íslands og skipshöfn v/s Ægis, þeim rökum, að m/s Talis hafi verið mannaust og yfirgefið rekald í mikilli hættu og að því komið að farast, þegar björgunarmennirnir frá v/s Ægi réðust til uppgöngu á það og tókst að koma í það dráttartaugum frá v/s Ægi, sem síðar dró það til næstu hafnar og skilaði því þar að bryggju heilu og höldnu. Björgunarmennirnir af v/s Ægi hafi verið í mikilli hættu bæði við að komast upp í m/s Talis vegna ástands skipsins, veðurs og sjólags, og ekki sízt eftir að björgunarbátur þeirra slitnaði frá þeim. Gögn málsins, þar á meðal skýrslur skipverja á m/s Talis um ástand skipsins, sýni, að eins og ástatt var um veður og skipið, hafi verið eðlilegt, að skipstjórinn tók þá ákvörðun að yfirgefa skipið. Í skýrslum

fyrir dómi hafi skipstjórinn á m/s Talis, 1. og 2. stýrimaður og 1. vélstjóri allir verið á einu máli um það, að Talis hafi verið í mikilli hættu statt. Enginn vafi sé á því, að um fyllstu björgun hafi verið að ræða samkvæmt skilningi siglingalaganna. Björgunarmenn, sem séu þaulvanir björgun á hafi úti sem við land og höfðu ágæt tæki til björgunar, hafi tekið það ráð að freista uppgöngu á hið yfirgefna og sökkvandi skip. Hafi þeir lagt sig í mikla hættu og sýnt mikið snarræði, dugnað og kunnáttu í starfi sínu. Skipið með búnaði og öðru tilheyrandi ásamt farmi og farmgjaldi hafi verið metið af dómkvöddum matsmönnum á samtals kr. 3.480.500.00. Þessu mati (dskj. nr. 5) hafi ekki verið hnekkt, og beri við ákvörðun björgunarlauna að leggja það til grundvallar. Með tilliti til þess, að líta verði svo á, að hér sé um fullkomna björgun að ræða, og miðað við allar aðstæður, sé björgunarlaunakrafan, kr. 1.750.000.00, réttmæt, og beri að taka hana til greina.

Meðalgöngustefnendur, Miðnes h/f, eigandi m/b Jóns Gunnlaugs, og skipshöfn hans, rökstyðja kröfur sínar með því, að þeir hafi bjargað allri skipshöfn m/s Talis, sem hafi yfirgefið skipið, sem verið hafi í mikilli hættu og að því komið að sökka. Auk þess hafi skipshöfnin á m/b Jóni Gunnlaugs tekið með ýmsum hætti þátt í björgun m/s Talis. M/b Jón Gunnlaugs hafi verið fyrsta skipið á vettvang. Það hafi ekki haft afl til þess að draga m/s Talis til lands í þeim sjó, sem þarna var. Það hafi þess í stað með stöðugu loftskeytasambandi við v/s Ægi greitt fyrir varðskipinu. Eftir að varðskipið hafi komið dráttartauginni yfir í skipið Talis og sett þar 5 menn um borð, hafi m/b Jón Gunnlaugs fylgt Talis eftir, og viðurkennt sé af hálfu aðalstefnenda, að þess hafi verið óskað frá Ægi, að m/b Jón Gunnlaugs héldi sig nærri Talis, eftir að léttbátur Ægis slitnaði aftan úr Talis, sökum þess að þeir, sem voru um borð í Talis, hafi verið í yfirvofandi hættu. Enn fremur hafi Ægir beðið m/b Jón Gunnlaugs um að fylgjast með skipinu inn til Vopnafjarðar. Með framangreindri hjálp telja meðalgöngustefnendur, að þeir hafi tekið þátt í björgun manna og skips í skilningi 229. gr. siglingalaga nr. 56/1914, og beri því að dæma þeim björgunarlaun fyrir þátttökuna. Telja meðalgöngustefnendur, að björgunarlaun í heild séu hæfilega metin af aðalstefnendum kr. 1.750.000.00. Með sérstöku tilliti til þess, að meðalgöngustefnendur björguðu skipshöfn allri, telja þeir eðlilegt og rétt, að þeim verði tildæmdur úr hendi aðalstefndu helmingur

björgunarlauna á móti jafnstórum hluta til aðalstefnenda. Gera meðalgöngustefnendur því kröfu til þess, að aðalstefndu verði dæmdir til að greiða þeim kr. 875.000.00 í björgunarlaun. Samkvæmt framanrituðu telja meðalgöngustefnendur, að órofasamband sé milli björgunar manna og fjármuna (skips og farms), að því er snertir tilefni og framkvæmd alla. En jafnvel þó að litið yrði svo á, sem þeir mótmæla, að björgun manna og göss væru ekki greinar á sama meiddi, þá eigi þeir engu að síður rétt á hluta úr björgunarlaununum samkvæmt ákvæðum 229. greinar siglingalaganna.

Aðalstefnendur halda því fram, að meðalgöngustefnendur eigi ekkert tilkall til björgunarlauna fyrir m/s Talis, og eigi björgunarlaunin því að renna óskert til aðalstefnenda. M/b Jón Gunnlaugs hafi ekkert starfað að björgun skipverja á Talis úr skipi sínu í björgunarbát þess skips. Skipverjar m/s Talis hafi verið komnir í eigin björgunarbát og þar með úr allri hættu frá hinu sökkvandi skipi. Skipverjar á m/b Jóni Gunnlaugs hafi ekki gert annað en kasta línu til björgunarbátsins og draga hann að skipshliðinni og aðstoða við að koma mönnunum úr björgunarbátunum um borð í m/b Jón Gunnlaugs. Björgun skipverja sé því í raun og veru í engu sambandi við björgun m/s Talis. Þá sé viðurkennt af skipstjórnarmönnum m/b Jóns Gunnlaugs, að það skip hafi ekki haft afl til þess að draga Talis til lands, eins og sjólag og veður var. Þótt v/s Ægir hefði samband við m/b Jón Gunnlaugs, áður en varðskipið kom að m/s Talis, hafi skipstjórnarmenn varðskipsins ekki þurft leiðbeininga við til þess að finna skipið, svo örugg séu tæki varðskipsins. Eðlilegt hafi verið, að m/b Jón Gunnlaugs væri beðinn að fylgjast með ferð m/s Talis, eftir að skipverjar v/s Ægis misstu frá sér bát sinn. Sú beiðni hafi þó ekki verið í neinu sambandi við björgun Talis, heldur til öryggis vegna skipverja v/s Ægis, en það veiti meðalgöngustefnendum ekki rétt til hluta úr björgunarlaunum fyrir björgun m/s Talis, enda hafi m/b Jón Gunnlaugs hvort sem var verið á leið til næstu hafnar, þ. e. Vopnafjarðar, með skipshöfnina af Talis. Hins vegar geti m/b Jón Gunnlaugs átt tilkall til þóknunar fyrir björgun bátsins af v/s Ægi. Meðalgöngustefnendur geti hins vegar ekki átt tilkall til björgunarlauna fyrir m/s Talis samkvæmt 229. gr. siglingalaganna. Verði hins vegar litið svo á, að meðalgöngustefnendur eigi rétt til hluta í björgunarlaunum, telja aðalstefnendur, að þeim beri í mesta lagi 10% af björgunarlaununum.

Stefndu í málinu, eigendur m/s Talis og farmsins, halda því ákveðið fram, að hjálp sú, sem v/s Ægir og m/b Jón Gunnlaugs veittu m/s Talis, sé ekki björgun í skilningi 229. gr. siglingalaganna, heldur aðstoð. Beri því að lækka kröfur aðalstefnenda og meðalgöngustefnenda stórlega. Þá er kröfum aðalstefnenda og meðalgöngustefnenda um hærrí vexti en 7% mót-mælt. M/s Talis hafi ekki verið statt í neyð og skipsmenn hafi ekki yfirgefið skipið. Skipshöfnin hafi að vísu farið í björgunar-bát og um borð í m/b Jón Gunnlaugs, en skipstjórinn á m/s Talis hafi ætlað sér um borð í skipið með skipshöfn sína, ef halli skipsins ykist ekki, og reyna að sigla því að landi, en áður en til þess kæmi, hafi Ægir komið á vettvang og tekið m/s Talis í drátt. Allar líkur séu til þess, að m/s Talis hefði komizt til hafnar af eigin rammleik. Halli skipsins hafi ekki aukizt verulega, eftir að skipshöfnin fór frá borði. Engin leki hafi komið að skipinu. Vélar skipsins og austurdælur frá lest-um hafi verið í lagi. Veður hafi ekki versnað, frekar farið batnandi, frá því að skipið var tekið í drátt, unz komið var til hafnar. Eftirtektarvert sé og, að m/s Talis hafi þolað snúninginn og að ekkert hafi verið gert af hálfu Ægismanna, hvorki áður en skipin lögðu af stað né á leið til lands, annað en draga það. Ætla megi, að ferð skipsins hefði getað orðið hin sama með eigin vélarafli og í drætti. Ferð skipsins til Vopnafjarðar hafi sýnt, að röskunin á skilrúminu í lest þess var eigi stórvægi-legri en það, að skipið var sjófært þess vegna. Við nánari at-hugun á skilrúmi skipsins, eftir að það kom til Vopnafjarðar, hafi komið í ljós, að bilun skilrúmana hafi verið tiltölulega lítil og afleiðing hennar að fullu komin fram. Það, hve farm-urinn rann á milli, muni m. a. hafa stafað af því, að síldin var orðin gömul og rann því meira til en ella. Þá sé á það að líta, að skipsmenn á v/s Ægi hafi ekki getað komið vél Talis í gang, þegar komið var inn á leguna á Vopnafirði, en vélstjóri Talis hafi komið henni strax í gang. Þannig hafi Ægismenn ekki getað komið skipinu að bryggju, nema með hjálp Talismanna. Samkvæmt þessu beri að líta á hjálp skipanna sem aðstoð, en ekki björgun. Í öðru lagi er krafa aðalstefndu um lækkun dómkrafnastefnenda og meðalgöngustefnenda á því byggð, að kröfurnar séu langt úr hófi fram, jafnvel þótt dómurinn kæmist að þeirri niðurstöðu, að um björgun væri að ræða. Í því sambandi benda þeir á, að hjálpin hafi tekið skamman tíma, eða tæpar 12 klukku-stundir, frá því er hjálparbeiðnin barst, unz lagzt var að bryggju

á Vopnafirði, að engar skemmdir urðu á v/s Ægi eða m/b Jóni Gunnlaugs eða búnaði þeirra, að ekki sé unnt að telja, að menn hafi lagt sig í hættu við umræddar aðgerðir, enda hafi ekkert slys orðið, að v/s Ægir hafi ekki getað komið m/s Talis að bryggju á Vopnafirði, en súgur hafi verið úti í firðinum, og að skipshöfnin á m/b Jóni Gunnlaugs hafi ekki tekizt að draga björgunarbát m/s Talis til hafnar, og af þeim sökum hafi eigendur m/s Talis orðið að greiða kr. 15.000.00 fyrir björgun á þessum björgunarbáti.

Skipstjórinn á m/s Talis, 1. og 2. stýrimaður og 1. vélstjóri hafa allir lýst því yfir fyrir dómi, að skipið hafi verið í mikilli hættu statt, þegar þeir yfirgáfu það. Skipstjórinn hefur einnig skýrt svo frá, að er hann gaf skipun um að setja björgunarbátinn á flot, hafi hallinn á skipinu í veltunni komizt í 35—40 gráður. Óumdeilt er í málinu, að hallinn hafi aukizt nokkuð, eftir að skipshöfnin yfirgaf skipið. Skilrúm í lestinni höfðu gengið úr skorðum. Skipið var hlaðið gamalli síld, sem farin var að slá sig. Við veltinginn varð farmurinn meyrari og nær fljótandi og af þeim sökum mjög hættulegur fyrir siglingu skipsins. Skipið var einnig sigið að framan. Vindur var NNV, 5—6 vindstig, og sjólag ca. 4. Er v/s Ægir kom á vettvang, rak m/s Talis í fyrrgreindu ástandi mannaust og stjórnlaust fyrir veðri og vindi. Er það álit dómsins, að það hafi þá verið í yfirvofandi hættu statt. Varðskipsmenn réðust engu að síður til uppgöngu á skipið og komu dráttartaugum í það. Tókst þeim að snúa skipinu og draga það síðan til Vopnafjarðar. Verður að telja, að hjálp þessi hafi verið björgun í skilningi 1. málsliðar 1. mgr. 229. gr. siglingalaganna nr. 56/1914, sbr. nú 199. gr. laga nr. 66/1963. Í því sambandi skiptir ekki máli, þótt skipstjórinn á m/s Talis hafi ætlað sér að bíða átektu í m/b Jóni Gunnlaugs, þar sem hann samþykkti, að v/s Ægir setti dráttartaug í Talis og skipti sér því næst ekkert af drættinum til lands. Auk þess er óvíst, að skipið hefði þolað snúning fyrir eigin vélarafli. Sú mótbára aðalstefndu, að um björgun hafi ekki verið að ræða, vegna þess að 1. vélstjóri á m/s Talis hafi sett vél skipsins í gang, eftir að skipin voru komin til Vopnafjarðar, er einnig haldlaus. Í fyrsta lagi vegna þess, að m/s Talis var þá komið úr bráðri hættu og ekki var fullreynt, að Ægismenn gætu ekki sett vélina í gang. Auk þess var það skylda skipshafnar m/s Talis að aðstoða við björgunina.

Í 2. málslið 1. mgr. 229. gr. siglingalaga nr. 56/1914, sbr. nú

199. gr. laga nr. 66/1963, er svofellt ákvæði: „Sá, sem bjargar mönnum af skipinu, meðan það var stutt í neyð þeirri, sem var tilefni til björgunarinnar, eða veitir að björgun mannanna, á rétt á hluta úr björgunarlaununum.“

Það er álit dómsins, að m/s Talis hafi verið stutt í neyð, þegar skipverjar yfirgáfu skipið og fóru í björgunarbátinn. Eins og sjólagi og veðri var háttað, voru þeir alls ekki óhultir í björgunarbátinum. Hjálp m/b Jóns Gunnlaugs, sem fyrstur kom á vettvang, er því björgun í skilningi síðastgreinds lagaákvæðis. Í því sambandi þykir ekki skipta máli, þótt björgun mannanna hafi verið auðveld. Þá er og viðurkennt af aðalstefnendum, að komið hafi fram ósk frá v/s Ægi um, að m/b Jón Gunnlaugs sigldi nærri Talis, eftir að bátur Ægismanna hafði slitnað aftan úr. Eiga meðalgöngustefnendur því einnig rétt á bjarglaununum.

Í málinu liggur fyrir mat tveggja dómkvaddra manna. Hafa þeir metið verðmæti skipsins m/s Talis með búnaði öllum, farmi og farmgjaldi á kr. 3.480.500.00, og er björgunarbátur sá, sem slitnaði aftan úr m/b Jóni Gunnlaugs og bjargað var af öðru skipi síðar, ekki þar með talinn.

Við ákvörðun bjarglauna ber m. a. að hafa hliðsjón af því annars vegar, að þeir skipsmenn v/s Ægis, sem fóru um borð í m/s Talis, lögðu sig þar með í mikla hættu. Auk þess fylgir ávallt nokkur áhætta fyrir bjargendur að koma dráttartaugum í skip og draga það við aðstæður, þegar svo er ástatt sem hér var. Þá tókst björgunin vel. Hins vegar tók björgunin tiltölulega stuttan tíma, og engar skemmdir urðu á skipunum, sem björguðu, eða tækjum þeirra, og skipshöfn m/b Jóns Gunnlaugs verður ekki talin hafa lagt sig í hættu við björgunarstarfið. Með tilliti til allra aðstæðna þykja björgunarlaun hæfilega ákveðin kr. 350.000.00, og hljóti eigendur og áhöfn v/s Ægis $\frac{4}{5}$ hluta fjárhæðarinnar, en eigendur og áhöfn m/b Jóns Gunnlaugs $\frac{1}{5}$ hluta hennar.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu að greiða aðalstefnendum og meðalgöngustefnendum málskostnað, samtals kr. 70.000.00, og hljóti eigendur og áhöfn v/s Ægis þar af kr. 58.000.00, en eigendur og áhöfn m/b Jóns Gunnlaugs kr. 12.000.00, og er þá tekið tillit til matskostnaðar og annars útlagðs kostnaðar aðalstefnenda.

Af hinu tildæmda ber stefndu að greiða ársvexti, er reiknast 7%.

Dæma ber aðalstefnendum og meðalgöngustefnendum sjóveðrétt í m/s Talis til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Jóni Sigurðssyni skipstjóra og Viggó Maack skipaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Trolle & Rothe h/f f. h. eigenda m/s Talis, Kveldúlfur h/f og Krossanesverksmiðjan, Akureyri, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn Landhelgisgæzlu Íslands f. h. eigenda og áhafnar v/s Ægis og Ólafi Jónssyni f. h. eigenda og áhafnar m/b Jóns Gunnlaugs kr. 350.000.00, og hljóti eigendur og áhöfn v/s Ægis $\frac{4}{5}$ hluta fjárhæðarinnar, en eigendur og áhöfn m/b Jóns Gunnlaugs $\frac{1}{5}$ hluta hennar, ásamt 7% ársvöxtum frá 15. ágúst 1961 til greiðsludags.

Stefndu greiði aðalstefnendum og meðalgöngustefnendum kr. 70.000.00 í málskostnað, og hljóti eigendur og áhöfn v/s Ægis þar af kr. 58.000.00, en eigendur og áhöfn m/b Jóns Gunnlaugs kr. 12.000.00.

Aðalstefnendur og meðalgöngustefnendur eiga sjóveðrétt í m/s Talis til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

